

Grímsnes-og Grafningshreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Borg
801 Selfoss

Reykjavík, 11. júlí 2024
UST202406-337/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032- Nýtt svæði fyrir verslun - og þjónustu í landi Ásgarðs

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes-og Grafningshrepps er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 fyrir nýtt svæði fyrir verslun - og þjónustu í landi Ásgarðs.

Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í að skilgreina breytta landnýtingu á 6,8 ha svæði innan jarðarinnar Ásgarðs (L168229). Tilefni breytingarinnar eru áform landeiganda um uppbyggingu ferðaþjónustu á staðnum. Annars vegar er um að ræða hótel með veitingastað og hins vegar frístundahús til útleigu.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni áætlaður fjöldi gesta og starfsmanna sem dvelja og heimsækja verslunarsvæðið að jafnaði. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um umfang fráveitu, þ.e. hversu mörgum persónueiningum það skal anna með tilliti til fjölda gesta og eðlis hreinsivirkja.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið nær til mikilvægs fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Ní og nefnist það Suðurlandsundirlendi.¹

Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæði geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista Ní: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>

Í skýrslu Ní frá árinu 2012 er nefnist „*Vöktun íslenskra fuglastofna - Forgangsröðun tegunda og tillögur að vöktun*“ eftir Guðmund A. Guðmundsson og Kristin Hauk Skarphéðinsson segir m.a. að talað sé um ábyrgðartegundir einstakra landa ef stór hluti einhvers dýrastofns byggir afkomu sína á tilteknun svæðum innan einstakra þjóðríkja. Einnig segir í skýrslunni að Íslendingar beri mikla ábyrgð á mörgum stofnum fugla sem annaðhvort verpa hér í óvenju ríkum mæli eða þá að stór hluti viðkomandi stofns fari hér um á ferðum sínum vor og haust. Á heimasíðu Ní segir að miðað sé við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum kallist ábyrgðartegund.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðin innan sveitarfélagsins í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla. Auk þarf að líta til samlegðaráhrifa annar uppbyggingar sem hafa áhrif á fuglasvæðið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur